

Ed.

270. Breytingartillögur

við brtt. á þskj. 249, við frv. til laga um verslunaratvinnu.

Flutningsm.: Jónas Jónsson og Ingvar Pálmason.

1. Við brtt. 2. a. Brtt. skal hljóða svo:
 3. tölul. orðist svo:

Hefir forræði á búi sínu og hefir haft það síðasta árið. Ekki má veita þeim verslunarleyfi, sem eitt sinn hefir orðið gjaldþrota, nema komist hafi á löglegir samningar um skuldagreiðslu milli hans og lánardrottna hans.
2. Við brtt. 2. b. Brtt. skal hljóða svo:

Fyrri málsg. 5. tölul. orðist svo:

Hefir lokið fullnaðarprófi við Verslunarskóla Íslands, Samvinnuskólann eða erlendan verslunarskóla, sem atvinnumálaráðuneytið tekur gildan. Auk þess skal hann hafa notið verklegrar æfingar við verslun að minsta kosti eitt ár.
3. Við brtt. 3. Á eftir a-lið komi nýr b-liður, svo hljóðandi:

Síðasti málslíður 2. tölul. falli burt.
(b-liður verður c-liður).
4. Við brtt. 8. b.
 - a. Fyrir »100 kr.« komi: 200 kr.
 - b. Fyrir »50 kr.« komi: 100 kr.